

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, 89. mál, viðbótarlífeyrissparnaður. Frumvarpið fjallar um að fella niður framlag ríkisins til viðbótarlífeyrissparnaðar, sem getur hæst orðið 0,4% eða 10% af 4% iðgjaldi.

Landssamtök lífeyrissjóða leggjast gegn samþykki þessara breytinga á lögnum um tryggingagjald. Nauðsynlegt er að hafa sérstakan hvata, þannig að launamenn sjái sér hag í því að leggja til hliðar ákveðinn hluta af launum sínum í viðbótarlífeyrissparnað. Frekar þyrfti að auka þennan hvata, heldur en draga algerlega úr honum. Þá ber þess að geta að almenn þátttaka launafólks varðandi viðbótarlífeyrissparnað dregur úr einkaneyslu og ætti þannig að hamla gegn þenslu í þjóðfélaginu. Auk þess ber að hafa í huga að launamenn greiða tekjuskatt af viðbótarlífeyrissparnaðinum og þar með einnig af framlagi ríkissjóðs. Þá ber þess að geta, að þó samið hafi verið sérstakt framlag atvinnurekenda, allt að 2% á móti iðgjaldi launamanna, njóta ekki allir launamenn framlags atvinnurekandans, t.d. ekki starfsmenn sveitarfélaga.

Það er því skoðun Landssamtaka lífeyrissjóða að frekar beri að stuðla að auknum langtímasparnaði almennings, heldur en að draga úr honum og minnka þannig þá hvatningu, sem nú er í lögum um tryggingagjald.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

